



**Viðtakandi:** Velferðarráð  
**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir

***Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda greininga á þjónustumiðstöðvum árið 2019.***

Á fundi borgarráðs þann 1. október 2020 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um fjölda greininga sem voru gerðar á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar ári 2019. Óskað er sundurliðunar eftir þjónustumiðstöðvum. Óskað er upplýsinga um fjölda tilvísana, viðtalsbeiðna og bráðamála árið 2019 skipt eftir þjónustumiðstöðvum.*

**Svar:**

Á árinu 2019 voru gerðar 792 greiningar vegna barna á þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs. Í töflu 1 má sjá sundurliðun fjölda greininga í skólaþjónustu eftir þjónustumiðstöðvum. Auk þess má sjá upplýsingar um fjölda greininga vegna barna sem gerðar voru hjá öðrum stofnunum s.s. Greiningar og ráðgjafarstöð, Proska og hegðunarastöð og Barna- og unglingsdeild en varða börn sem njóta skólaþjónustu á þjónustumiðstöðvum.

**Tafla 1**

*Fjöldi greininga í skólaþjónustu árið 2019, skipt eftir þjónustumiðstöðvum*

Þjónustumiðstöð	Greining á þjónustumiðstöð	Greining utanaðkomandi	
		aðila	Samtals
Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	130	30	160
Laugardalur og Háaleiti	154	32	186
Breiðholt	131	52	183
Árbær og Grafarholt	153	77	230
Grafarvogur og Kjalarnes	224	15	239
Samtals	792	206	998

Í töflu 2 koma fram upplýsingar um fjölda tilvísana, viðtalsbeiðna og bráðamála sem bárust skólaþjónustunni árið 2019 skipt eftir þjónustumiðstöðvum.

**Tafla 2***Fjöldi tilvísana, viðtalsbeiðna og bráðamála sem bárust árið 2019, skipt eftir þjónustumiðstöðvum.*

Þjónustumiðstöð	Tilvísanir	Viðtalsbeiðnir	Bráðamál	Samtals
Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	296	258	33	587
Laugardalur og Háaleiti	296	42	2	341
Breiðholt	214	145	44	403
Árbær og Grafarholt	272	116	5	393
Grafarvogur og Kjalarnes	299	120	22	441
Samtals	1.377	681	106	2.165